

Skýrsla starfshóps um varalið í keppni meistaraflokks kvenna Skýrsla til stjórnar KSÍ í janúar 2023

Inngangur

Á ársþingi KSÍ í febrúar 2022 var lögð fram tillaga til ályktunar, skv. þingskjali 13, um breytingar á grein 29 (meistaraflokkur kvenna) í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Tillagan hljóðaði svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki breytingar á grein 29 (meistaraflokkur kvenna) í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti: Lagt er til að félögum verði heimilt að skrá til leiks varalið í meistaraflokki kvenna sem hefur þátttökurétt í deildakeppni Íslandsmóts. Hlutgengi með varaliði hafi allir leikmenn sem eru skráðir í félagið nema þeir 11 leikmenn sem hafa leikið flesta leiki með aðalliði á sama leiktímabili og þeir leikmenn sem byrjuðu og/eða tóku þátt í fyrri hálfleik síðasta leik aðalliðs á undan. Varalið getur ekki unnið sér sæti í efstu deild. Varalið getur fallið um deild. Varalið og aðallið félags geta ekki leikið í sömu deild.

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Sumarið 2021 léku fimm varalið/aukalið í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna, í 1. og 2. deild. Ljóst er að áhuginn á að veita ungum leikmönnum verðug verkefni er til staðar hjá fleiri félögum. Markmiðið með þessari breytingu sem lagt er til að verði gerð á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er tvíþætt: 1. Að gera félögum sem tefla fram varaliði/aukaliði kleift að gefa efnilegum leikmönnum innan síns félags tækifæri með aðalliði án þess að tilfærslur á milli liða hamli því. Enn fremur geti leikmenn sem spili fáar mínútur með aðalliði fengið nauðsynlegan spiltíma í næsta liði fyrir neðan í stað þess að spila ekki neitt. Með þessu skapist þær aðstæður að leikmenn geta fengið tækifæri með aðalliðinu í rétttri goggunarröð hvenær sem er ársins. 2. Lið sem leika í Evrópukeppni eru bundin af því að nota þann leikmannahóp sem gefinn er upp til UEFA hverju sinni. Í núverandi mynd geta félög ekki nýtt leikmenn úr næsta styrkleikaflokki ef svo ber við heldur þurfa að ganga framhjá leikmönnum sem hugsanlega eiga skilið að fá kallið þegar það kemur þar sem þeir eru ekki skráðir í viðkomandi félag. Aðstæður sem þessar sköpuðust hjá Breiðablik í tengslum við riðlakeppni Meistaradeildarinnar haustið 2021 og viðbúið er að Valur geti lent í sömu aðstæðum á næsta tímabili. Kostir tillögunnar eru tvímælalaust að fleiri krefjandi verkefni fyrir leikmenn gefa einfaldlega af sér fleiri og betri leikmenn. Leikmenn í aðalliði meistaraflokks sem komast ekki í byrjunarlið fá tækifæri til að spila með varaliði og geta þar með sýnt betur hvað í þeim býr í von um að öðlast sæti í byrjunarliði aðalliðs. Efnilegir

leikmenn sem spila nú með varaliði/aukaliði hafa þá áþreifanlegri möguleika á að vinna sér sæti í aðalliði félags. Með vísan í nefndarstörf KSÍ um úrbætur á fyrirkomulagi deildarkeppni í meistaraflokki kvenna er lagt til að þessi breyting taki gildi strax fyrir Íslandsmótið 2022 til reynslu. Fyrirkomulagið yrði eins og fram kemur í texta tillögunnar en það er jafnframt nú þegar fyrirkomulagið í yngri flokkum, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (grein 7.5.2.). Fyrirmynd: Svipað fyrirkomulag er í mörgum Evrópulöndum, þar á meðal Danmörku, Þýskalandi og Spáni. Ef Ísland ætlar sér að eiga leikmenn og landslið sem standast þeim bestu snúning í framtíðinni er mikilvægt að hlúa vel að ungum leikmönnum og gefa þeim sem flest verkefni við hæfi. Breiðablik, FH og Valur

Eftir umræður á þinginu, þar sem skoðanir voru sannarlega skiptar, var lagt til skv. þingskjali 13c að vísa tillögu á þingskjali 13 til starfshóps á vegum KSÍ. Var sú tillaga samþykkt með meirihluta atkvæða.

Starfshópurinn var þannig skipaður

Helga Helgadóttir, formaður, Katla Guðjónsdóttir, Auður S. Ólafsdóttir, Eysteinn Húni Hauksson, Ísleifur Gissurarson, Margrét Hafsteinsdóttir og Ágúst Hreinn Sæmundsson. Með hópnum störfuðu þeir Birkir Sveinsson og Þorsteinn H. Halldórsson.

Verkefni hópsins / tilgangur

Hópnum var falið að fjalla um þingsályktunartillögu í þingskjali 13. Til að ramma verkefnið betur inn reyndi hópurinn að átta sig á því hvað það er sem kallar mögulega á breytingar á tilhögun keppni í kvennaflokki og varð sammála um eftirfarandi þætti:

- Hópur ungra og efnilegra leikmanna, sem fær ekki mikinn spiltíma með meistaraflokki síns félags, fær ekki nægilega krefjandi verkefni í 2.flokki (u20). Mörg félög eiga erfitt með að halda úti starfi í 2.fl.kv (u20) og þ.a.l. hefur keppni í 2.fl.kvenna ekki verið nógu spennandi verkefni þar sem jafningjaleikir eru ekki nógu margir.
- Félög sem unnið hafa sér sæti í Meistaradeild Evrópu hafa lent í því að geta ekki teft fram ungum og efnilegum leikmönnum þar sem þeir eru „fastir“ í skástriksliðum.
- Brottfall. Leikmenn á 2.fl.aldri sem ekki komast í mfl. síns félags hætta gjarnan snemma í fótbolta.

Hópurinn fjallaði um eftirfarandi mögulegar leiðir í tengslum við ofangreint:

- A. Halda fyrirkomulagi óbreyttu en halda áfram að bæta umgjörð um 2.fl.kv. (u20) með það að leiðarljósi að sú keppni verði öflugri og verðugt verkefni fyrir unga og efnilega leikmenn.
- B. Leyfa félögum að skrá tvö lið til keppni í meistaraflokki án aldurstakmarkana.

- a. Reglur settar um hlutgengi út frá þátttöku í leikjum aðalliðs.
 - b. Varalið gæti ekki leikið í sömu deild og aðallið. Hugsanlega hægt að setja frekari reglur um þetta, s.s. að deild þurfi að vera á milli aðal- og varaliðs.
- C. Leyfa félögum að skrá tvö lið til keppni í meistaraflokki með aldurstakmörkunum.
- a. Reglur um hlutgengi bæði út frá aldri og þátttöku í leikjum aðalliðs.
 - b. Sama og b hér að ofan.
 - c. Sér varaliðsdeild.

Snemma kom í ljós að ekki er eining innan hópsins um það hvaða leið sé best að fara. Álitamálin eru mörg og endurspegladist það í umræðum hópsins. Hópurinn ákvað að senda út fyrirspurn til félaga sem tefldu fram meistaraflokki kvenna sl. keppnistímabil til að kanna viðhorf þeirra til málsins. Samkvæmt niðurstöðum úr þeirri eftirgrennslan er meirihluti félaga fylgjandi því að heimila þátttöku varaliða, í meistaraflokki kvenna, með einhverjum hætti. Fjórtán félög sögðust styðja slíkt fyrirkomulag, sex félög sögðust vera því mótfallin og fimm félög tóku ekki afstöðu. Hafa bera í huga að um óformlega könnun var að ræða og alls óvíst hve mikla umfjöllun málið fékk innan þeirra félaga sem svöruðu og hvort svörin endurspegli skoðanir þeirra sem atkvæði hafa á þingi. Aðrar helstu niðurstöður má sjá í fylgiskjali.

Tækifæri og áskoranir, umfjöllun um mögulegar leiðir

Leið A: Halda fyrirkomulagi óbreyttu en halda áfram að bæta umgjörð um 2.fl.kv. (u20) með það að leiðarljósi að sú keppni verði öflugri og verðugt verkefni fyrir unga og efnilega leikmenn. Keppnistímabilið 2021-2022 voru gerðar verulegar breytingar á hlutgengisreglum í 2.fl.kv., m.a. var einu ári bætt við aldursflokkinn og hlutgengi eldri leikmanna rýmkað. Í 30. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót í útgáfu frá 26.4.2022 segir um keppni í 2.fl.kvenna: *Allir leikmenn sem er 20 ára á almanaksárinu eru hlutgengir í 2. aldursflokk kvenna keppnistímabilið 2022 og teljast ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota. Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.* Breytingar þessar virðast mælast vel fyrir hjá flestum félögum sem tóku þátt sl. keppnistímabil og væri hægt að vinna í því að bæta keppnina enn frekar út frá ábendingum félaganna (fylgiskjal). Með því að halda fyrirkomulagi óbreyttu um sinn gæfust frekari tækifæri á því að þróa U20 ára mótið og meta árangur af breytingum sem gerðar hafa verið, aðeins hefur reynt á breytingarnar yfir eitt tímabil og virðast þær að mestu jákvæðar. Sambærilegt fyrirkomulag er í Svíþjóð (u19) og væri etv hægt að líta þangað ef huga á að framþróun u20 ára keppni hér heima. Verði varalið heimiluð er líklegt að það hefði áhrif á þátttöku félaga í u20 ára keppninni. Ekki er víst að það þurfi að einskorða sig við u20 ára aldurstakmarkið, það mætti skoða.

Leiðir B og C: Leyfa félögum að skrá tvö lið til keppni í meistaraflokki, með eða án aldurstakmarkana.

- a) *Reglur settar um hlutgengi út frá aldri og/eða þátttöku í leikjum aðalliðs.*
- b) *Varalið gæti ekki leikið í sömu deild og aðallið. Hugsanlega hægt að setja frekari reglur um þetta, s.s. að deild þurfi að vera á milli aðal- og varaliðs sbr. Noreg.*
- c) *Sér deild fyrir varaliðin*

Bæði í umræðum starfshópsins og svörum félaganna við fyrirspurn starfshópsins (fylgiskjal) koma fram svipaðar vangaveltur um kosti og galla þess að leyfa félögum að skrá til leiks fleiri en eitt lið í deildarkeppni í meistaraflokki kvenna. Margir telja að með því að heimila varalið yrðu til tækifæri fyrir fleiri leikmenn á að spila krefjandi leiki, samkeppni eykst og þannig yrði framþróun leikmanna hraðari. Ungir leikmenn gætu fengið tækifæri með aðalliði síns félags en spilað heila leiki í deildarkeppni meistaraflokks með varaliðinu. Liðum í deildarkeppni fjölgar og þar með leikjum sem leiknir eru í meistaraflokki. Vandamál tengd hlutgengi leikmanna í evrópukeppnum væru ekki lengur til staðar. Einnig má nefna að þá geta eldri leikmenn, sem ekki stefna á feril með aðalliði félagsins, haldið áfram að leika undir merkjum síns félags, með varaliði.

Á hinn bóginn hafa sumir haft áhyggjur af því að sú tilhneiging, að bestu leikmennirnir safnist í fáein lið, verði enn ríkari verði félögum heimilt að tefla fram fleiri en einu liði í meistaraflokki. Jafnframt að erfiðara verði fyrir félög að fá lánsmenn til sín úr félögum í efri deildum, eins og tíðkast hefur, og þannig verði erfiðara að halda úti starfi í meistaraflokki í sumum félögum. Einnig hefur verið bent á að hugsanlega verði slík heimild til þess að fækka félögum sem tefla fram liði í 2.fl.kv/u20 og stuðli þannig að enn frekara brottfalli úr þeim aldurshópi, ekki megi gleyma hlutverki knattspyrnuhreyfingarinnar sem forvarnar- og lýðheilsustarfi. Þá hafa einhverjir nefnt hvort rekstrarforsendur séu til staðar hjá félögum til að reka tvo meistaraflokka í deildarkeppni kvenna og sjá um þá umgjörð sem slíkt krefst með tilheyrandi fjölda sjálfboðaliða.

Fyrirkomulag í nokkrum nágrennaríkjum

Í mörgum löndum í kringum okkur eru dæmi um að heimildir séu til þess að tefla fram varaliðum í deildarkeppni meistaraflokka. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar í samtölum við núverandi og fyrrverandi leikmenn og/eða þjálfara í þessum löndum. Í **Svíþjóð** miðast keppnin við U19 ára leikmenn og er haldin sem sérstök deildarkeppni. Í upphafi er mótinu svæðisskipt en í seinni hluta mótsins leika þau félög, sem ná bestum árangri í fyrra hlutanum, saman í keppni sem er á landsvísu og félög sem ná lakari árangri leika saman. Í **Noregi** geta varalið félaga tekið þátt í deildarkeppni meistaraflokka (geta ekki leikið ofar en í þriðju efstu deild, og tvær deildir þurfa að vera milli aðal- og varaliðs) og eru þar bæði aldurstengdar hlutgengisreglur sem og reglur sem miða við þátttöku í leikjum aðalliðs. Í **Þýskalandi** má skrá varalið með aldurstakmörkunum í deildarkeppni (nota má 5 eldri leikmenn en nokkuð strangar reglur um hlutgengi þeirra), varalið getur ekki leikið í efstu deild. Í **Danmörku** er heimilt að skrá fleiri en eitt lið í deildarkeppni meistaraflokks en varalið þarf að vera a.m.k.

tveimur deildum neðar en aðallið og hlutgengisreglur gilda út frá þátttöku í leikjum aðalliðs. Þannig getur varalið félags í efstu deild aldrei leikið ofar en í þriðju efstu deild. Félög sem eru með bæði liðin sín í neðstu deildunum geta sótt um undanþágu frá reglunni um að tvær deildir séu á milli aðal- og varaliðs. **Í Hollandi** er hægt að skrá u23 ára lið í deildarkeppni mfl. (t.d. eins og Jong Ajax sem leikur í næstefstu deild). Leikmenn aðalliðs sem spiluðu ekki í næstu umferð á undan mega spila með u23 en þó er regla um fjölda leikmanna eldri en 23ja ára sem mega taka þátt (viðmælandi var ekki viss en taldi það vera 4 leikmenn hverju sinni). U23 ára lið getur ekki farið upp í efstu deild.

Verði tekin ákvörðun um að heimila skráningu varaliða væri hægt að líta til þessara landa varðandi fyrirmyndir en athyglivert er að fyrirkomulagið er nokkuð ólíkt milli þessara landa.

Samantekt/Lokaorð

Eins og fram hefur komið ríkir ekki eining innan starfshópsins um hvaða leið beri að fara og endurspegla skoðanir hópsins að miklu leyti þær ólíku skoðanir sem fólk í knattspyrnuhreyfingunni hefur um málið. Hafa ber í huga að hópnum var einungis falið að fjalla um tillögu Vals, FH og Breiðabliks frá síðasta ársþingi um það að heimila varalið í deildarkeppni í meistaraflokki kvenna. Hópurinn gerði sér far um að afla sér upplýsinga um hug félaganna til málsins og fá fram sem flest sjónarmið enda teljum við að til þess að málið fái framgang, eða einhvers konar málalok verði, þurfi öll félög að kynna sér málið ítarlega, mynda sér skoðun út frá faglegum forsendum og taka þannig upplýsta ákvörðun komi sambærileg tillaga aftur fram á ársþingi. Valdið til að breyta, eða breyta ekki, er í höndum félaganna. Það þarf fyrst og fremst að taka ákvörðun um hvort félögin vilji breytingar og að þau nái samtali sem leiði til víðtækari sáttar um leiðirnar en hingað til hefur verið. Eigi að vísa málinu aftur í einhvers konar starfshóp gæti skipt máli að í þeim hópi sætu fleiri óháðir aðilar, þ.e.a.s. aðilar sem ekki eru eins tengdir hagsmunum sinna félaga. Í fylgiskjali má kynna sér helstu niðurstöður úr fyrirspurn starfshópsins til félaganna.

F.h. starfshópsins,
Helga Helgadóttir.



Fylgiskjal

Fyrirspurn til félaga sem tóku þátt í Íslandsmóti mfl.kv og/eða U20 ára keppni kvenna keppnistímabilið 2021 - Helstu niðurstöður

- Hve margir leikmenn voru skráðir í u20 ára lið kvk hjá þínu félagi á nýliðnu keppnistímabili?*
 - 11 félög höfðu 0-10 leikmenn
 - 3 félög höfðu 11-20 leikmenn
 - 9 félög höfðu 21 leikmann eða fleiri (stundum samanlagt úr venslaliði og u20 ára liði)
- Hve margir leikmenn sem voru skráðir í u20 ára lið hjá þínu félagi æfðu eingöngu með u20 ára liðinu en ekki með meistaraflokki?*
 - Hjá 14 félögum æfðu 0-10 leikmenn eingöngu með u20 ára liði
 - Hjá 5 félögum æfðu 11-20 leikmenn eingöngu með u20 ára liði
 - Hjá 4 félögum æfðu 21 eða fleiri eingöngu með u20 ára liði
- Æfði u20 ára lið þíns félags sér (ekki með mfl. eða 3.fl.) - hve oft í viku*
 - Hjá 12 félögum æfði u20 ára liðið aldrei sér
 - Hjá 5 félögum æfði u20 ára liðið sér 1-3x í viku
 - Hjá 8 félögum æfði u20 ára liðið alltaf sér

Samantekt á 1-3

Mörg félög eiga erfitt með að halda úti sérstökum æfingum fyrir u20 ára liðið sitt vegna fjölda leikmanna sem æfir þegar í meistaraflokki, fáar verða eftir í 2.flokki/u20. Félögin virðast þó hafa vilja til þess að breyta stöðunni og t.a.m. telja flest félög að fleiri leikmenn verði í u20 ára æfingahópum á næsta keppnistímabili. 13 félög stefna að því að u20 ára liðið æfi þá alveg sér, 10 félög telja að u20 ára liðið muni ekki æfa sér og 2 félög telja að það muni að hluta til æfa sér.

4. Hyggst þitt félag tefla fram venslaliði (í óbreyttu fyrirkomulagi)

Fjögur félög ætla að tefla fram venslaliði verði fyrirkomulag óbreytt, a.m.k. fjögur til viðbótar eru með það í skoðun.

5. Ef þitt félag hyggst tefla fram venslaliði, hve margir leikmenn telur þú að verði eldri en þeir sem leika mega með u20 ára liði félagsins?

Langflestir nefna hér á bilinu 0-6 leikmenn, eitt félag sker sig úr og telur sig hafa 10-15 leikmenn yfir 20 ára í venslafélagi

6. Viðhorf til u20 ára mótsins

Langflestir jákvæðir fyrir þeim breytingum sem gerðar voru fyrir sl. keppnistímabil og telja félögin breytingarnar auðvelda félögum að tefla fram liði í þessum aldursflokki. Helstu ábendingar komu fram um:

- Huga að leikdögum mfl. og 3.fl. við niðurröðun mótsins
- Fjölga mætti jafningjaleikjum
- Of mikið um að félög fresti leikjum
- Vantar verkefni fyrir stelpur sem eru að koma upp í 2.flokk úr B liðum 3.flokks

7. Þankar um varalið. Hvert er viðhorf þíns félags til þess að leyfa varalið (þ.e. að félögum verði heimilt að tilkynna tvö lið til keppni í meistaraflokki)?

Hér komu fram ýmsar vangaveltur um fyrirkomulag slíkrar keppni (aldurstengdar forsendur, varalið komist ekki ofar en í 2.deild o.s.frv., sjá dæmi um svör hér neðar) en samantekið eru: 14 félög fylgjandi því að heimila varalið, 6 félög eru alfarið á móti, 5 félög eru hlutlaus eða svara ekki.

Svörin skiptast svona milli deilda (ath. að í sumum tilvikum svarar aðalfélag einnig f. venslafélag, svör við þessari sp. bárust frá 25 félögum):

Besta deild: 8 fylgjandi, 1 andvíg, 1 hlutlaust/svarar ekki

Lengjudeild: 3 fylgjandi, 5 andvíg, 2 svara ekki

2.deild: 3 fylgjandi, 1 andvíg, 1 hlutlaust, önnur svara ekki

Félög á höfuðborgarsvæðinu styðja frekar tillögu um að heimila varalið en þó er munurinn ekki mikill milli höfuðborgar og landsbyggðar.

Dæmi um þanka félaganna varðandi varalið:

Helstu rök með:
- Betri leikir fyrir fleiri, framþróun leikmanna.
- Tækifæri með aðalliði (mínútur) og samt fengið heila leiki í mfl. með öðru liði
- Fleiri mfl.tækifæri f. unga leikmenn (meiri samkeppni, þroskast hraðar)
- Stærri liðin þyrftu ekki lengur að manna heilan hóp f. varaliðin (venslaliðin) og þyrftu því ekki að sækja eins marga leikmenn úr öðrum félögum.
- Fleiri lið, fleiri deildir, fleiri leikir
- Sjá þingskjal með tillögu um varalið

Helstu rök á móti:
- Stærri liðin sækja sér fleiri leikmenn úr minni liðum með loforði um að æfa með mfl. og spila a.m.k. með varaliði.
- Erfiðara f. lið í Lengjudeild að fá leikmenn úr Bestudeildarliðum og lið í 2.deild að fá leikmenn úr Lengjudeildarliðum (t.d. á láni)
- Erum með fáa leikmenn í 2.fl. - þurfum að fjölga þar fyrst áður en förum að huga að varaliðum

- Ungir leikmenn sem eiga erindi í mfl. eru farnir að spila þar 15-19 ára gamlir, fyrir aðra er þetta of stórt skref og líkur á að leikir tapist stórt eða leikmenn fái ekki margar mínútur og það er letjandi fyrir „late bloomers“

- Á undanförunum árum hefur félögum tekist að stofna öfluga meistaraflokka. Það er mikilvægt f. þessi félög að geta haldið úti sínum mfl. og fyrir yngri leikmenn að eiga fyrirmyndir í sínu eigin félagi.

- Ef liðin í Bestu fá að stofna varalið stækka leikmannahópar þeirra enn frekar og lið í neðri deildum missa leikmenn

- Varalið skapa ójöfnuð og eru ekki framfaraskref í kvk knattsp. á Íslandi

- Flestir 2.flokkar myndu leggjast af, því allri væru komnir við 16 ára aldur í "varaliðshóp", því ekki getur þú mánnað varalið nema með leikmönnum á 2.flokks aldri.

- Er það stefna KSÍ að allir leikmenn séu gerðir að mfl leikmönnum 15-16 ára? Það eru ekki allir leikmenn á þessum aldri sem stefna í atvinnumennsku, huga þarf að grasrótastarfi knattspyrnunnar, forvarnarstarfi, lýðheilsu og öðru.